



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24  
15-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Kópavogsbær  
Smári Smáráson,  
skipulagsstjóri  
Fannborg 2  
200 Kópavogur

Reykjavík, 20. febrúar 2008  
Tilvísun: UST20071200111/ksj

### Breyting á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012. Kjóavellir

Vísað er til erindis frá skipulagsstjóra Kópavogsbæjar er barst Umhverfisstofnun þann 20. desember 2007 þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til breytingar á aðalskipulagi Kópavogs. Með uppdráttinum fylgir umhverfisskýrsla sem er hluti af breytingartillögunni. Deiliskipulagstillögur sem ná yfir sama svæði fylgja með til skýringar. Í greinargerð með uppdrátti kemur fram að breytingin nái til Kjóavallasvæðis. Í breytingartillögunni felst að óbyggt svæði breytist í opið svæði til sérstakra nota (hesthúsabyggð). Heildarstærð svæðisins verður eftir breytingu um 26 hektarar. Innan þess svæðis verður gert ráð fyrir rými undir verslun og þjónustu alls 2,1 hektarar sem breytist úr opnu svæði til sérstakra nota í svæði með blandaða landnotkun, einnig breytast göngu- og reiðleiðir innan svæðisins. Í greinargerð sem fylgir uppdrátti kemur einnig fram að forsenda skipulagsbreytingarinnar er breyting á mörkum vatnsverndar. Brunnsvæði Garðabæjar við Dýjakróka verður aflagt og ræður áhrifasvæði vatnsverndar við Kaldársel í Hafnarfirði og við Myllulæk og Gvendarbrunna í Reykjavík nýjum mörkum vatnsverndar á svæðinu, en þetta mun koma fram á vatnsverndaruppdrátti höfuðborgarsvæðisins sem hefur verið samþykktur.

### Umhverfisskýrsla

Í samantekt í upphafi skýrslunnar kemur fram að kynning og samráð vegna vatnstökusvæðis í Vatnsendakrika, lagnaleið um Heiðmörk og miðlunargeymi í Vatnsendahlíð hafi þegar farið fram. Í inngangi skýrslunnar kemur fram að gerð var greinargerð um matsskyldu vatnsveitunnar árið 2003 og ákvarðaði Skipulagsstofnun að framkvæmdin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Aðalskipulagsbreytingin er matsskyld vegna tilkynningaskyldu framkvæmda á brunnsvæði í Vatnsendakrikum. Í kafla um kynningu og samráð kemur fram að samráð var haft við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis vegna undirbúnings umhverfisskýrslunnar og þar komu fram ábendingar um að vatnafarskort fyrir höfuðborgarsvæðið yrði endurskoðað á grundvelli nýjustu upplýsinga sem liggja fyrir vegna fjölgunar grunnvatnshola á svæðinu og að áframhaldandi umhverfisvöktun verður í Vífilsstaðavatni og í Elliðavatni.

Fram kemur í umhverfisskýrslu að Vatnsendakrikar eru 3 kílómetrum sunnan við Elliðavatn,

við jaðar hraunsins Húsafellsbruni sem er eldhraun og eru eldhraun á hluta brunnsvæðisins í Vatnsendakrikum. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að við framkvæmdirnar verði hrauninu (Húsafellsbruna) ekki raskað frekar en orðið er enda um að ræða jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Þeir áhrifaþættir sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum í kjölfar skipulagsbreytingarinnar eru: Mannvirki vatnsveitunnar í Vatnsendakrikum, lagning vatnslagnar og vegslóða, breyting á afmörkun vatnsverndarsvæða sem gefur kost á breyttri landnýtingu og breytt landnýting.

Einnig kemur fram í umhverfisskýrslu að náttúruvar, náttúruvernd, landnotkun og samfélag eru þeir þættir sem verða fyrir áhrifum af framkvæmdinni. Þar er helst að umferð eykst úr 1000 bílum á dag í 6000 – 7000 bíla á dag.


Í umhverfismatinu kemur fram að upplýsingar um gróður er fer undir væntanleg mannvirki á Kjóavöllum eru af skornum skammti og að ekki hefur verið gerð sérstök úttekt vegna breytingartillögunnar. Umhverfisstofnun telur þær upplýsingar ófullnægjandi til að unnt sé að meta hugsanleg áhrif á gróður á Kjóavallasvæðinu. Umhverfisstofnun telur það ekki nægjanlega umfjöllun um áhrif breytingartillögunnar á gróðurfar á Kjóavallasvæðinu að vísa til þess að það sé háð útfærslu í deiliskipulagstillögum og/eða framkvæmda sem þar munu áformaðar í framtíðinni hvort og þá hver áhrif verða á náttúruvar þar, eins og segir í umhverfisskýrslunni.


Í tillögu að breyttu aðalskipulagi kemur fram að það sé háð útfærslu á deiliskipulagsstigi hvernig afrennsli frá hesthúsum og ofanvatn verði hreinsað áður en það fer í Elliðavatn. Á deiliskipulagsupprætti er fylgir erindinu er gert ráð fyrir 2 settjörnum og 2 miðlunartjörnum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að setja fram rökstuðning fyrir fjölda tjarna svo og hreinsunaráætlun.

Athygli vekur að ný mörk fjarsvæðis vatnsbóla sem liggja um Vatnsendahlíð og við Stóraás ber ekki saman ef skoðaðir eru upprættir sem fylgja ofangreindri breytingartillögu og tillögu að breyttu aðalskipulagi yfir vatnsverndarmörk er barst stofnuninni þann 8. febrúar síðastliðinn. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að tillögurnar verði endurskoðaðar þannig að samræmis sé gætt.

Ofangreind umhverfisskýrsla fjallar að mestu leyti um breytingu á vatnsverndarmörkum vegna færslu á vatnsbólum frá Dýjakrókum í Vatnsendakrika, upplýsingar um Kjóavallasvæðið eru hins vegar af skornum skammti.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Friðriksdóttir

  
Guðríður Þorvarðardóttir  
Deildarstjóri